

Ár 2012, fimmtudaginn 3. maí kl. 17:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

**1. Bréf sem borist hafa frá:**

- 1.1. **Forsætisráðherra frá 24. apríl 2012.**  
Í bréfinu þakkar forsætisráðherra bæjaryfirvöldum í Hveragerði skjót viðbrögð og aðstoð í tilefni af opinberri heimsókn forsætisráðherra Kína, Wen Jiabao.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.2. **Menningarráði Suðurlands frá 25. apríl 2012.**  
Í bréfinu er kynnt að Hveragerðisbær fékk úthlutað styrkjum frá Menningarráði Suðurlands í tvö menningartengd verkefni alls kr. 300.000.-  
Lagt fram til kynningar.
- 1.3. **Sorpstöð Suðurlands bs frá 26. apríl 2012.**  
Í bréfinu er boðað á kynningarfund Sorpstöðvar Suðurlands 14. maí kl. 16:00 að Austurvegi 56, Selfossi.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.4. **Hallgrími Hróðmarssyni frá 24. apríl 2012.**  
Ninna Sif Svavarsdóttir vék af fundi.  
Í bréfinu óskar Hallgrímur eftir því að Hveragerðisbær taki þátt í viðgerð á þaki á Reykjamörk 2 en hann keypti íbúð í húsinu af bæjarfélaginu árið 2010.  
Bæjarráð felur bærstjóra að kanna lögformlega stöðu bæjarins í umræddu máli.  
Ninna Sif Svavarsdóttir tók aftur sæti á fundinum.

**2. Tæknileg málefni:**

- 2.1. **Umsókn um byggingarleyfi á verönd að Austurmörk 2.**  
Lögð fram umsókn um byggingarleyfi frá Ljósalandi á verönd við húsið Austurmörk 2.

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við að veröndin verði byggð enda liggi fyrir samþykki allra annarra eigenda í húsinu áður en framkvæmdir hefjast. Ennfremur verði tryggt að umrædd verönd skyggi ekki á umferð á Breiðumörk og Austurmörk.

2.2. **Opnun tilboða í verkið „Gangstígur við Breiðumörk 2012“.**

Opnun tilboða í verkið „Gangstígur við Breiðumörk 2012“ fór fram 30. apríl s.l. Tvö tilboð bárust í verkið.

Bjóðendur	Tilboðsupphæð
Arnon ehf	15.444.000.-
Jákvætt ehf	14.559.000.-
Kostnaðaráætlun	12.357.500.-

Bæjarráð samþykkir að hafna öllum tilboðum enda er lægsta tilboð það mikið yfir kostnaðaráætlun að óásættanlegt er. Skipulags- og byggingafulltrúa falið að endurskoða útboðsgögnin og undirbúa nýtt útboð er fram færi í ágúst mánuði og verktími yrði þá september, október og nóvember.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:14

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)